

**Nd. 874. Frumvarp til laga [357. mál]**

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm. Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 5. tl. 44. gr. laganna komi nýr tl. sem verði 6. tl. og orðist svo:  
Fyrir einstaklinga, sem ekki falla undir 1.—5. tl. skal greiða 20% kostnaðar við tannlækningar aðrar en við gullfyllingar, krónur eða brýr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Þetta frumvarp er flutt af tveimur nefndarmönnum í minni hl. fjárhags- og viðskipta- nefndar neðri deildar. Ástæðan er sú að fyrir nefndinni hefur legið frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt sem gerir ráð fyrir því að menn fái afslátt frá tekjuskatti ef þeir verða fyrir verulegum útgjöldum vegna tannviðgerðakostnaðar. Flutningsmenn telja eðlilegra að almannasjóðir komi til móts við fólk vegna tannviðgerðakostnaðar með breytingu á almannatryggingalögum eða með reglugerð á grundvelli þeirra. Núverandi ríkisstjórn hefur afnumið reglugerð sem taka átti gildi á s.l. ári um þátttöku ríkisins í almennum tannviðgerðakostnaði. Jafnframt hefur meiri hl. á Alþingi lækkað framlög ríkisins til tannviðgerða skv. frumvarpi um ríkisfjármál sem liggur fyrir Alþingi. Ólíklegt virðist því að meiri hl. sé á Alþingi fyrir þessari breytingu á lögum um almannatryggingar enda er frumvarpið flutt til þess að sýna afstöðu flutningsmanna í þessum efnum, jafnframt því sem þeir taka þátt í afgreiðslu á frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem er 37. mál, þskj. 38.